

AUGLÝSING um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Kjalarsíðu 1.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 15. september 2009 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Kjalarsíðu 1.

Breytingin felst í fjölgun einstaklingsherbergja/fbúða og fjölgun bflastæða. Byggingarreitur fyrir reiðhjólaskýli er ákvarðaður, húsúmerum er breytt og önnur af tveimur innkeyrslum inn á lóð fellur út.

Deiliskipulagsáætlunin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi aksturs- og skotíþróttasvæðis á Glerárdal.

Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 20. ágúst 2009 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir aksturs- og skotíþróttasvæðið á Glerárdal.

Skipulagssvæðið sem breytingum tekur nær til lóðar Bílaklúbbs Akureyrar (BA) við Hlíðarfjallsveg. Með deiliskipulagsbreytingunni verður lóðinni skipt upp í fjórar lóðir. Lóð nr. 7 fyrir bflastæði verður sameignarlóð, lóð nr. 9 verður fyrir viðgerðar- og þjónustuhús, lóð nr. 11 fyrir æfinga- og keppnissvæði og lóð nr. 13 fyrir klúbbhús BA.

Deiliskipulagsáætlunin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Deiliskipulag Spítalavegar.

Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 20. ágúst 2009 í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt endurskoðað deiliskipulag fyrir Spítalaveg.

Skipulagssvæðið nær til Spítalavegar og Steinatraðar. Tillagan gerir m.a. ráð fyrir 8 nýjum lóðum fyrir einbýlishús, breytingum á lóðarstærðum og byggingarreitum á þegar byggðum lóðum. Einstefnuakstur verður niður Spítalaveg frá Steinatröð. Hluti skipulagsins nær inn á deiliskipulag Innbæjarins og fjörunnar sem nú er í endurskoðun.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi deiliskipulag fyrir Spítalaveg frá 1990.

Deiliskipulagsáætlunin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 2. október 2009,

Pétur Bolli Jóhannesson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 16. október 2009